

## Fundargerð

### 100. stjórnarfundur FHA haldinn 1. des. 2017 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, Auðbjörg Björnsdóttir og Helgi Freyr Hafþórsson.

Dagskrá:

1. Frysing námskeiða

Starfsfólk kennaradeildar kvartar undan því að námskeið séu endurskilgreind sem skert námskeið eftir að kennsla er hafin og einingafjöldi reiknaður samkvæmt skerðingunni. Slíkt er ekki heimilt samkvæmt samningum.

Formaður FHA fari yfir það með hlutaðeigandi skrifstofustjóra hvort og hvernig námskeið hafi verið skert frá því að nýja líkanið var tekið í notkun 2015. Hafi ekki verið staðið rétt að málum skal gera ytrustu kröfur um leiðréttingu og því fylgt eftir að gert verði upp við viðkomandi starfsmenn með réttum hætti.

2. Endurtökupróf

Formaður FHA athugi hvernig reglum um greiðslum vegna endurtökupórfa er háttað og hvort farið sé að reglum í því efni. Gerðar verði ytrustu kröfur um leiðréttingu sé ástæða til þess.

3. Málefni BHM og FHA

Um 17 félög BHM eru nú að undirbúa kjarasamningsgerð. Menntun til launa er áherslan. FHA-félagar eiga von á 2% [2,5%] hækkun launataxta 1. júní nk. og eingreiðslu í feb. 2019 en í framhaldi af því er kjarasamningurinn laus.

Rætt var um hvert 0,1%-ið sem samið var um 2013 til mannauðsmála eigi að renna. Skrifstofa BHM kys að nota þetta fé sjálf, t.d. með því að bjóða félagsmönnum námskeið. Um 25 milljónir eru nú í sjóði þessum, etv. Gætu 2,5 milj. af því runnið til FHA.

Skrifstofa BHM vex að umfangi með hverju árinu. Er það æskileg þróun?

Framundan er fundur félaga háskólakennara, FHA, FH og FHR.

4. Málefni starfsmanna Miðstöðvar skólabróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA)

Rætt.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:10

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari